

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. nóvember 2012 R2012110012
G-ums 07/12

Alþingi
Erindi nr. P 141/660
komudagur 21.11.2012

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt - 20. mál, þskj. 20.

Ríkisskattstjóri hefur þann 8. nóvember 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er lagt til að margnota bleiur og bleiufóður, sem falla undir tollskrárnumér 9619.0091, falli undir ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, og beri þar af leiðandi 7% virðisaukaskatt.

Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri benda á eftirfarandi:

Við upptöku virðisaukaskatts hér á landi var áhersla lögð á að hafa skatthlutfallið aðeins eitt og að takmarka undanþágur svo sem kostur væri. Byggðist það viðhorf á þeim sjónarmiðum að undanþágur og mismunandi skatthlutföll væru ekki í samræmi við þá grundvallarhugmynd sem að baki virðisaukaskatti byggi. Auk þess sem slík mismunun milli tegunda vöru og þjónustu torvelaði einfalda og réttláta framkvæmd skattheimtunnar. Þessi sjónarmið koma m.a. fram í almennum athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt. Út frá skatttæknilegum sjónarmiðum tekur ríkisskattstjóri undir þessi sjónarmið.

Á árinu 1999 starfaði nefnd sem fjármálaráðherra fól að gera athugun á virðisaukaskatti í ljósi reynslu af skattinum þann áratug sem liðinn var frá upptöku hans hér á landi. Skilaði nefndin frá sér álit sem út var gefið af fjármálaráðuneytinu í mars árið 2000 undir nafninu „Framkvæmd virðisaukaskatts - Nefndarálit“. Fjallaði nefndin m.a. um framkomnar hugmyndir er lutu að því að fella undir 14% skatthlutfall virðisaukaskatts tilteknar vörur, þ.m.t. vörur fyrir börn. Um þær hugmyndir segir í nefndarálitinu: „Nefndin telur að grundvöllur skattheimtunnar myndi raskast verulega ef farið yrði að þessum hugmyndum“ og jafnframt: „Að auki þykir rétt að nefna að miklir framkvæmdaörðugleikar gætu skapast, svo sem við að undanþiggja vörur fyrir börn fullri skattlagningu. Augljós hætta er á auknum undanskotum með nýjum undanþágum. Að mati nefndarinnar eru ekki efni til að víkka skattstofn lægra skattþreps á kostnað hærra skattþreps enn frekar en orðið er.“ Undir þetta álit nefndarinnar getur ríkisskattstjóri tekið.

Í greinargerð með því frumvarpi sem hér er til umsagnar er vísað til þess að bleiukostnaður sé þungur útgjaldaliður hjá barnafjölskyldum.


Í þessu sambandi vill ríkisskattstjóri vísa til athugasemda við frumvarp það er varð að lögum nr. 122/1993, en með þeim lögum var m.a. virðisaukaskattur af tilteknum matvælum lækkaður úr 24,5% í 14%. Varðandi þá breytingu segir í almennum athugasemdum m.a.: „Ljóst er að lækkun virðisaukaskatts á matvælum hefur í för með sér ýmsa erfiðleika við framkvæmd og eftirlit. Breytingarnar hafa jafnframt í för með sér töluverðan kostnað vegna undirbúnings, kynningar og útgáfustarfsemi, breytinga á tölvukerfum, starfsmanna- og launakostnaðar auk beins og óbeins kostnaðar við eftirlit og framkvæmd.“ Ríkisskattstjóri bendir ennfremur á að ólíklegt sé að lækkun virðisaukaskatts skili sér að fullu í lægra vöruverði. Lækkun skatthlutfalls á tiltekna vöru gerir það hagkvæmt að auka álagningu á hana og draga úr álagningu á aðra vöru. Þannig er ástæða til að ætla að tekjutap ríkisins vegna lækkunarinnar komi ekki að öllu leyti fram sem ívilnun hjá þeim sem henni er beint að. Þá er líklegt að ríkissjóður verði fyrir tekjutapi vegna umræddrar lækkunar og á einhvern hátt verður að mæta því tekjutapi.

Almennt hafa frávik frá meginreglum í för með sér skilgreiningarvanda og markatilvik sem skapa óvissu og jafnvel mismunun.

Það hefur löngum verið ljóst, m.a. á grundvelli framangreindra atriða og stutt rökum fræðimanna og reynslu af framkvæmd, að undanþágur frá neyslusköttum sem ætlaðar eru tilteknum hópi neytanda eru lítt fallnar til árangurs, ómarkvissari og kostnaðarsamari en beinar ívilnanir t.d. í formi barnabóta eða lækkunar beinna skatta. Þær hafa hins vegar í för með sér misræmi, auka kostnað við skattframkvæmd og torvelda eftirlit.

Með vísan til þess sem rakið er, athugasemda með frumvarpi til virðisaukaskattslaga nr. 50/1988, nefndarálits um virðisaukaskattsframkvæmd og athugasemda með frumvarpi sem varð að lögum nr. 122/1993 telur ríkisskattstjóri að undanþágur séu varhugaverðar og munu hafa áhrif á tekjur ríkissjóðs. Tekur þá ríkisskattstjóri enga afstöðu til þess um hvaða vörur sé að ræða sem fella ætti í lægra skattþrep. Ríkisskattstjóri sér því ekki tilgang í því að varið verði fé og fyrirhöfn í frekari athuganir á þessu máli og mælir ekki með samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f. h. ríkisskattstjóra


Guðrún J. Jónsdóttir


Jón Guðmundsson